



Alþingi
Erindi nr. P 122/282
komudagur 26.11.197

Héraðsdómur Reykjavíkur

Umsögn frá Héraðsdómi Reykjavíkur um frumvarp til laga um dómstóla

Eins og fram kemur í bréfi yðar til Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 6. þ.m. þar sem beðið er um umsögn dómstólsins um framkomið frumvarp til laga um dómstóla hefur frumvarpið verið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, þ.á m. Dómarafélagi Íslands.

Ekki þykja efni né aðstæður til þess að Héraðsdómur Reykjavíkur gefi heildarumsögn um frumvarpið, þar sem gert er ráð fyrir því að samtök dómara, Dómarafélag Íslands, muni fjalla heildstætt um frumvarpið í umsögn sinni. Hins vegar fer hér á eftir umsögn um einstakar greinar sem dómurum í Héraðsdómi Reykjavíkur þótti sérstök ástæða til þess að taka afstöðu til. Umsögnin eins og hún hljóðar var samþykkt á fundi dómaranna 26. nóvember 1997.

1. Dómstólaráð

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dómstólaráð verði til þess að auka sjálfstæði dómstólanna út á við, einkum hið sýnilega sjálfstæði. Því er ætlað að vera sverð og skjöldur dómsvaldsins. Til þess að auka líkur á að þessum markmiðum verði náð og gefa dómstólaráði aukinn þunga er nauðsynlegt að dómstólaráð nái einnig til Hæstaréttar og að hæstaréttardómari eigi þar af leiðandi sæti í því. Ekki er að finna í frumvarpinu nein gild rök fyrir því að undanskilja Hæstarétt og ekki er ljóst hver þau verkefni eru sem hann annast sjálfur og eru talin skapa réttinum aukið sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum framfar héraðsdómstólum.

Dómarar hafa iðulega rætt þá nauðsyn sem dómstólunum er á því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í þeirri almennu umræðu sem fram fer um störf dómstóla og einstök dómsmál og hefur verið ákaflega einhliða. Ótækt hefur þótt að dómarar sjálfir taki virkan þátt í þeirri umræðu. Sú hugmynd að dómstólarnir hafi á sínum vegum einhvern fjölmiðlafulltrúa á vaxandi fylgi að fagna. Gera verður ráð fyrir því að dómstólaráð verði að ráða starfsmann og hann gæti einnig verið fjölmiðlafulltrúi dómstólanna þá ráðinn einnig með þann starfsvettvang í huga. Hæstiréttur ætti þá einnig aðgang að þeim fulltrúa ætti hann aðild að dómstólaráði.

Ef dómstólaráð nær einungis til héraðsdómstólanna ætti það að heita Héraðsdómstólaráð. Annað er villandi.

2. Aukinn kostnaður og aukið vinnuálag dómara

Ljóst er að afnám heimilda um að dómarafulltrúa megi skipa við dómstólana eins og verið hefur mun hafa verulega aukinn kostnað, aukið vinnuálag dómara og ákveðið óhagræði í för með sér. Dómarafulltrúar í Héraðsdómi Reykjavíkur hafa að jafnaði verið fimm og auk þess hefur skrifstofustjóri dómstólsins verið skipaður dómarafulltrúi og gegnt störfum dómarafulltrúa að hluta til.¹ Dómarar eiga samkvæmt frumvarpinu að framkvæma allar dómsathafnir stórar og smáar. Til þess að afgreiða þau mál sem dómarafulltrúar hafa til þessa annast þarf a.m.k. tvo dómara, ásamt tveimur aðstoðarmönnum, enda er það svo að fjóra dómarafulltrúa hefur þurft til að ljúka þessum verkum með viðunandi hraða. Fækkar þá dómurum að sama skapi við afgreiðslu munnlega fluttra mála og sakamála. Rökrétt afleiðing þessa er sú að dómurum yrði fjölgað um tvo við dómstólinn.

Í frumvarpinu er ráðgert (17. gr.) að til aðstoðar dómurum megi ráða lögfræðinga sem ekki er gert ráð fyrir að hafi dómsvald af neinu tagi. Þetta fyrirkomulag hefur ýmsa kosti en einnig ókosti. Þannig verður ætíð um einhvern tvíverksnað að ræða þegar tveir vinna að sama verkinu. Það er einnig nokkuð ljóst að í þessi störf ráðast tæpast aðrir en ungir lögfræðingar með enga eða takmarkaða reynslu af dómstörfum. Kaup þeirra yrði þó væntanlega lægra en dómarafulltrúa nú. Hins vegar þykir okkur ljóst að þeir yrðu að vera mun fleiri en dómarafulltrúarnir og má gera ráð fyrir því að ráða yrði u.þ.b. 12 aðstoðarmenn til þess að hægt verði að afgreiða mál með svipuðum hraða og verið hefur en hann má ekki minni vera.

Þeim vanda sem skapast við þessa breytingu mætti þó að einhverju leyti mæta með því að breyta réttarfarslögum þannig að sum þeirra starfa sem nú þarf mann með dómsvald til þess að inna af hendi þyrfti aðeins löglærðan mann án dómsvalds. Þyrfti að

¹ Hér eru talin upp þau mál sem eru nú á verksviði dómarafulltrúa. Meðferð þeirra og afgreiðsla er í langflestum tilvikum dómsathöfn eða að annars afgreiðsla þess sem dómsvald hefur. Þessar athafnir allar verða dómarafráfarar að framkvæma samkvæmt frumvarpinu að óbreyttum réttarfarslögum. Tölur um fjölda mála eru frá árinu 1996.

1. Þingfesting einkamála og meðferð þeirra þar til stefndi hefur skilað greinargerð eða þau tekin til dóms sem útvistarmál (6.404 mál).
2. Þingfesting ágreiningsmála (125 mál), upphaf meðferðar þeirra og afgreiðsla sættist þau.
3. Þingfesting lögræðismála ekki þó allra (41 mál).
4. Þingfesting útburðar- og innsetningarmála (190 mál) og afgreiðsla ef þau sættast.
5. Afgreiðsla útvistarmála með áritun eða dómi (5.808 mál)
6. Allir rannsóknarúrskurðir (232 úrskurðir)
7. Dómkvaðning matsmanna hafi mál ekki verið höfðað (61 dómkvaðning).
8. Meðferð gjaldprotamála og úrskurðir um gjaldprotaskipti (Beiðnir 1463, úrskurðuð 478 mál).
9. Áritanir beiðna um aðfararheimild (1.627 beiðnir).
10. Útgáfa réttarstefna (Óvís tala þar sem ekki þarf að skrá beiðnir um útgáfu).
11. Beiðnir um opinber skipti (56 beiðnir).
12. Úrskurðir um greiðslustöðvanir og nauðasamninga (4 mál).
13. Sjópróf (5).
14. Vitnamál (26).

vinda bráðan bug að því að skoða það mál gaumgæfilega með það fyrir augum að breyta réttarfarslöggjöfnni.

Leggja ber áherslu á að þýðingarmikill hluti af réttaröryggingu er að dómari hafi viðunandi tíma til þess að afgreiða mál og skoða þau sem best.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sparnaður verði af samþykkt þess. Þetta er grundvallarmisskilningur sem kann að stafa af því að þeir sem sömdu frumvarpið, en þeir láta ekki nafna sinna getið í frumvarpinu, hafi ekki næga þekkingu á rekstri dómstólanna. Enginn héraðsdómari á sæti í réttarfarsnefnd og héraðsdómarar áttu ekki beina aðild að samningu frumvarpsins.

3. Forföll dómara

Setja á dómara í forföllum dómara sem aðalreglu, eins og er gert þegar aðrir starfsmenn ríkisins eiga í hlut, þegar forföllin standa lengur en svo að réttlæt看legt sé að dómari komi að verkum sínum óunnum að forföllum loknum.

4. Skipun í dómstólaráð

Óeðlilegt er að ráðherra skipi fulltrúa sinn í dómstólaráð þar sem lagasetningunni er ætlað það hlutverk að skilja sem rækilegast á milli dómssvalds og framkvæmdavalds. Eðlilegt er að ráðið sé kosið af dómurum einum og þeir kysu 2 úr sínum hópi og einn utan hans.

Rétt er að benda á að með því að dómsmálaráðherra skipi einn mann í dómsmálaráð kemur sá maður mun nær innri stjórn dómstólanna, þegar litið er til verkahringis ráðsins, heldur en dómsmálaráðuneytið hefur nokkru sinni gert. Það fyrirkomulag gengur þvert á þá stefnu að skilja betur að dómssvald og framkvæmdavald.

5. Afnám greiðsla fyrir setu dómara í fjölskipuðum dómi

Afnám greiðslna fyrir setu dómara í fjölskipuðum dómi (25. gr.) þýðir kjararýrnun. Sama vinna er unnin fyrir minna kaup. Sérstaka kjarabót vegna þessa verður Kjaradómur að ákveða og því er óraunhæft að gera ráð fyrir sparnaði af þessum sökum eins og gert er ráð fyrir í 4. t. í fylgiskjali fjármálaráðuneytisins á bls. 66 í frumvarpinu.

6. Flutningur dómara á milli dómstóla

Í frumvarpinu (15. gr.) er gert ráð fyrir því að héraðsdómarar verði ekki lengur skipaðir dómarar við ákveðinn dómstól og að það sé dómstólaráðs að ákveða hvar hver dómari eigi fast sæti. Ekki er vafi á því að þetta fyrirkomulag hefur í för með sér skerðingu á sjálfstæði hvers og eins dómara og er óheppilegt að því leyti. Verra er þó


Það fyrirkomulag, sem dómara eru almennt mótfallnir að dómstólaráð hefur vald til þess að flytja dómara nauðuga á milli dómstóla (5. mgr. 15. gr.). Á það bæði við þegar dómari getur sótt vinnu frá heimili sínu (dómari í Reykjavík og Reykjanesi getur ekið austur á Selfoss og upp í Borgarnes inn tíðar og öfugt) og eins getur dómstólaráð skipað dómara að fara á dómstól þannig að búferlaflutningar séu óhjákvæmilegir. Allir ættu að geta sett sig í þessi spor og gert sér grein fyrir því hver röskun á högum manna þetta getur haft í för með sér. Má þar sem dæmi nefna atvinnu maka, skólagöngu og félagslega stöðu ungra barna og framhaldsskólanám eldri barna. Leitun mun á opinberum starfsmönnum sem þurfa að sæta nauðung af þessu tagi.

Hér ber að hafa í huga að eftir því sem kostir dómara eru þrengdir þeim mun meiri líkur eru á að hæfir lögfræðingar sniðgangi dómstörf.

7. Önnur atriði

Samkvæmt 16. gr. er gert ráð fyrir því að allir sem veita héraðsdómstólunum forstöðu beri starfsheitið dómstjóri. Því er eðlilegt að það heiti sé notað í lögnum þar sem það á við, en ekki forstöðumaður eins og gert er t.d. í 24. og 27. gr.

Reykjavík 26. nóvember 1997


Friðgeir Björnsson dómstjóri

Til allsherjarnefndar Alþingis